

Innkaupakarfan

*Verkefni í neytendafræðslu
2. bekkur*



Verkefni unnið á námskeiði
í neytendafræðslu á vegum
kennslumiðstöðvar KHÍ

Halldóra Kristinsdóttir
Árbæjarskóla

Markmið

Að nemendur átti sig á því

- að matur er nauðsyn öllum mönnum
- að fæðan sem við neytum er öll fengin úr náttúrunni
- að matur kostar peninga
- að sumt af því sem við neytum er óþarfa munaður
- að úrgangur matvöru nefnist sorp
- að umbúðir er hægt að endurvinna.

Innkaupakarfan

Nemendur og kennari fara í ímyndaða innkaupaferð í stórmarkað. Allir nemendur nefna eina eða fleiri tegundir matvöru sem þeir vilja setja í körfuna. Þeir eru hvattir til að fylgjast vel með því sem fer í körfuna, svo karfan fyllist ekki af sömu tegund. Kennari skráir allar tillögur. Ef til vill nefnir einhver eitthvað annað en matvöru og best er að láta það fljóta með því það skapar breidd í umræður og flokkun.

Flokkun

Hvaðan kemur matvaran?

Nemendur flokka vörurnar eftir uppruna þeirra. Flokkarnir verða væntanlega þessir: Kjötvörur, fiskur, mjólkurvörur, brauð og kökur (kornvörur), ávextir, grænmeti, sætindi, hreinlætisvörur og annað.

Aðferð 1. Nemendur skipta því á milli sín að teikna myndir af þeim vörutegundum sem fóru í körfuna. Þeir flokka saman þær tegundir sem þeim finnst eiga sameiginlegan uppruna.

Aðferð 2. Kennari hengir upp listann úr innkaupakörfunni og nemendur koma með tillögur að því hvaða vörur þeir vilja flokka saman efir ruppruna þeirra. Vörunum er gefið merki, eitt fyrir hvern flokk.

Dæmi: Smjör #, mjólk #, ostur #.

Það getur verið að nemendur vilji flokka á einhvern annan hátt, t.d. eftir því sem fer saman á diskinn þeirra. Þá þarf kennari að leiða nemendur á rétta braut.

Verkefni

Kennari skiptir nemendum í hópa þar sem hver hópur fær einn flokk til þess að vinna með í máli og mynd.

Dæmi: Hver hópur teiknar og/eða klippir út úr auglýsingablöðum myndir af þeim vörum sem tilheyra floknum. Myndirnar eru síðan límdar á blað. Hver hópur sýnir hinum hópunum verkefni sitt og segir frá í stuttu máli.

Umræður

Eftir flokkunina eru umræður grundvallaratriði, til þess að nemendur skilji enn betur hvaðan maturinn sem þeir neyta er kominn. Þeir þurfa að átta sig á því að fæðan er á einn eða annan hátt komin úr náttúrunni. Kennari getur e.t.v. notað hugtök úr vistfræði t.d. sýnt nemendum dæmi um fæðukeðju og úskýrt að plöntur eru framleiðendur, grasbítar 1. stigs neytendur og menn eru bæði 1. og 2. stigs neytendur.

Dæmi um spurningar sem leiða til umræðna um hvern flokk fyrir sig:

- Hvaðan fáum við mjólkurvörur?
- Hvernig eru þær framleiddar?
- Af hvaða dýrum fáum við kjöt?
- Hvaða fisktegundir borðum við?
- Hvar vaxa ávextir?
- En grænmeti?
- Hvaða efni eru í brauði, kökum og kexi?

- Hvar vex hveiti, rúgur, hafrar og rís?
- Hvaðan fáum við sykur?
- Hvers vegna er hann álitinn óhollur?

Æskilegt væri að hafa heimskort við hendina svo nemendur geti átt að sig á því að Íslendingar fá fæðu sína frá ýmsum heimshlutum. Einnig myndir af fiskum, ávaxtatrjám og korntegundum.

Kostnaður

Nemendur giska á hvað varan í innkaupakörfunni kostar. Eldri nemendur geta e.t.v. reiknað út verðið ef verð hverrar tegundar er vitað.

- Hvað kostar matvaran í innkaupakörfunni?
- Hvaðan fáum við peningana?
- Höfum við þörf fyrir allt sem er í körfunni?
- Hvað er nauðsynlegt?
- Hvað er munaður?
- Hvernig getum við sparað?

Úrgangur

Umræða um úrgang getur verið aðfari að öðru verkefni í neytendafræðslu. Tilvalið er að skjóta því að í þessu verkefni að matarúrgangur nefnist sorp og umbúðir er hægt að endurvinna.